

REGLUR

um undanþágu frá notkun öryggisbeltis í bifreið.

1. gr.

Ekki er þeim skylt að nota öryggisbelti sem hefur meðferðis læknisvottorð er undanþiggur hann notkun þess af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

2. gr.

Enn fremur er ekki skylt að nota öryggisbelti:

- a) við akstur í atvinnuskyni þar sem hraði er jafnan lítill og hlutaðeigandi þarf að fara úr og í bifreiðina með stuttu millibili.
- b) við akstur lögreglubifreiðar við flutning handtekinna manna eða annarra, sem hætta kann að stafa af, og við sérstaka öryggisgæslu.
- c) við akstur við erfið eða hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 71. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

Jafnframt falla úr gildi reglur um notkun öryggisbeltis í bifreiðum, nr. 489 25. september 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ábyrgðartryggingar ökutækja, nr. 238 9. maí 1984.

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. bætist: Má þannig almennt áskilja að eigin áhætta váttryggingartaka vegna hvers tjónsatburðar skuli vera tiltekin fjárhæð, allt að 15 000 krónur, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, breytt fjárhæð þessari árlega í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.